

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

6. júní 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.)**

Í stefnu BHM í lífeyrismálum sem samþykkt var á vordögum er séreignarþáttur lífeyriskerfisins sagður mikilvæg stoð sem skapi valfrlsi í ráðstöfun og sveigjanleika við töku lífeyris. Sérstaklega er fjallað um samkeppnishæfni lífeyrissjóða á almennum- og opinberum vinnumarkaði m.t.t. þessa og sagt brýnt að opinberir starfsmenn hafi sömu möguleika og starfsmenn á almennum vinnumarkaði til ráðstöfunar á hluta iðgjaldsstofns til séreignar. Í ljósi þessa og þeirra nauðsynlegu breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá fyrri drögum sem kynnt voru í samráðsgáttinni í mars s.l. **hvetur BHM til þess að málið nái fram að ganga.** Leggur bandalagið þó til að þeir lífeyrissjóðir sem standa utan samningssviðs ASÍ og SA fái heimild til að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í frjálsa séreign í stað tilgreindrar séreignar.

Þó svo að BHM mæli nú með framgöngu frumvarpsins bendir bandalagið á að frumvarpið birtist nú í fjórða skipti í samráði stjórnvalda og er það til marks um þá miklu óánægju sem ríkt hefur um efni og aðdraganda þess meðal heildarsamtaka launafólks á opinbera markaðnum. BHM, BSRB og KÍ hafa margsinnis fordæmt þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í ferlinu og bent á að verulega hefur skort á samráð um málið sem **felur í sér grundvallarbreytingu á skipan lífeyrismála á opinbera markaðnum.** Afstaða BHM til þess er óbreytt eftir sem áður og telur bandalagið ótækt að aðilar sem fara fyrir minna en helmingi af eignum og árlegum iðgjöldum lífeyrissjóða á Íslandi taki ákvarðanir framvegis um framtíð þess.

Bandalagið treystir á að stjórnvöld efni fyrirheit nýs stjórnarsáttmála um umbætur í samráði og samvinnu við breytingar á lífeyriskerfinu:

*„...Grænbók um lífeyrismál verður unnin í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði á fyrri hluta kjörtímabilsins í því skyni að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti“*

Að öðru leyti ítrekar bandalagið þau sjónarmið sem komu fram í umsögn þess í mars s.l. hvað varðar skaðsemi aukins flækjustigs í lífeyriskerfinu. Leita þarf allra leiða til að bæta upplýsingagjöf til sjóðsfélaga á opinbera markaðnum um kosti og galla séreignar í samsetningu lífeyrissparnaðar, nái frumvarpið fram að ganga.

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson  
Formaður BHM